Fjallabyggð

Skýrsla innra mats

Leikskóli Fjallabyggðar

júní 2022

Inngangur **3**

Ytra mat **4**

Samantekt mats skólaársins **5**

Stjórnun 7

Uppeldis- og menntastarf 9

Leikskólabragur 11

Foreldrasamstarf 12

Innra mat 13

Heildarniðurstaða skólans gagnvart gæðaviðmiðum í júní 2022 15

Umbótaáætlun skólaársins 2022 -2023 **16**

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2021-2022.

1. Staða gagnvart ytra mati ef við á
2. Helstu matsþættir
    - Stjórnun
    - Uppeldis- og menntastarf
    - Leikskólabragur
    - Foreldrasamstarf
    - Innra mat
3. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nýja innra mats skýrslu Leikskóla Fjallabyggðar er að finna á heimasíðu skólans.

Gæðaráð Leikskóla Fjallabyggðar veturinn 2021 - 2022
Ásdís María Ægisdóttir,
Berglind Hrönn Hlynsdóttir,
Berglind Ýr Birkisdóttir,
Eva María Örnólfsdóttir,
Ína Sif Stefánsdóttir,
Olga Gísladóttir,
Ólína Ýr Jóakimsdóttir,
Tinna Dórey Pétursdóttir

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í leikskólum Fjallabyggðar haustið 2017. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Leikskóla Fjallabyggðar er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2017 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk skólans sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun sem starfsfólk Leikskóla Fjallabyggðar vann eftir allt til ársins 2021 en þá var þeim umbótum lokið og skýrslu þess efnis skilað. Við hefur tekið vinna samkvæmt langtímaáætlun og skýru verklagi í gæðamálum leikskólans sem er hluti þeirra umbóta sem unnið var að og jafnóðum má sjá stöðu leikskólans gagnvart gæðaviðmiðum um leikskólastarf í þessari skýrslu um innra mat. Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur á gæðastarfi í Leikskóla Fjallabyggðar.

Samantekt mats skólaársins

- Sett var á stofn gæðaráð sem starfar eftir Langtíma- og ársáætlun Leikskóla Fjallabyggðar um innra mat.
- Langtímaáætlun var unnin og þróuð samhliða mati gæðaráðs á ársáætlun.
- Fundir voru haldnir reglulega með Gunnþóri Eyfjörð Gunnþórssyni ráðgjafa frá Ásgarði, einnig fundaði teymið eitt og sér tvisvar sinnum.
- Markmið fundanna var að halda utan um mat skólans og vinna með og innleiða þau gæðaviðmið sem lagt er upp með í leikskólastarfi og birtast í þessari skýrslu undir hverjum kafla.
- Nokkuð vel gekk að halda áætlun þó að covid og mikil veikindi hafi sett strik í reikninginn eftir áramót.
- Næsta vetur verða gæðaráðsfundir skipulagðir í samhengi við fundaáætlun skólans.
- Ný starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2022-2023 er i vinnslu en hún segir til um hvenær teymið hittist, hvað er tekið fyrir og hvernig er unnið með ársáætlun innra mats.

Fundartímar og helstu fundarefni gæðaráðs sem unnið var í vetur

1 október 2021

- Fórum í gegnum leiðbeiningar um innra mat.Eru að nota gæðagreina (Hversu góður er leikskólinn okkar?)

- Skólinn fór í ytra mat 2017 og umbótum formlega lokið í vor 2021.
- Gunnþór fór í gegnum drög að langtímaáætlun innra mats og ársáætlun.
- Teymið fær skjalið og byrjar að skoða og spá, átta sig á stóru myndinni.

3. nóvember 2021
- Efni um innra mat komið á heimasíðu.
- Langtíma- og ársáætlun þarf að klára.

29. nóvember 2021
- Ræddum fyrirkomulag funda
- Langtíma- og ársáætlun langt komin-þróun hana samhliða öðru í vetur.
- Hætta að nota gæðagreina sem eru ekki nógu aðgengilegir.
- Byrja að merkja inn í gátlista gæðaráðs um innra mat sem við getum byrjað að krota í
- Gott að byrja á að meta okkur gagnvart á innra mati í desember enda er það sá flokkur sem kom verst út í ytra mati 2017 og verður fróðlegt að sjá hvar skólinn stendur í dag.
- Setja á dagskrá starfsmannakönnun í mars.
- Ræddum almennt um verkefni gæðaráðsins og mikilvægi þess að smátt og smátt draga alla starfsmenn að borðinu samtvinnað daglegu starfi.

14 desember 2021
- Farið í gegnum gátlista um innra mat og merktum við og skrifuðum inn.
- Gekk vel og flestir þættir með meiri styrkleika en veikleika.

24 janúar 2022
- Gekk vel að meta gagnvart innra mati gæðaviðmiðum sem við klárum í vor með innra matsskýrslu.
- Næsta skref að meta okkur gagnvart gæðaviðmiðum um stjórnun.

15. febrúar 2022
- Erum að meta okkur gagnvart gæðaviðmiðum um stjórnun
- Fórum yfir faglegt samstarf og flestir þættir sterkir.
- Höldum áfram á næsta fundi þá ættu að vera komnar niður úr starfsmannakönnun
- Innra matsskýrsla næst.

22. mars 2022
- Skoðuðum þróun t.d. innra mats þátta sem voru allir gulir í ytra mati 2017 en okkar mat er að í vor séu þeir orðnir dökkgrænir sbr. skýrslu um innra mat.
- Niðurstöður úr starfsmannakönnun ekki tilbúnar en fara í þær um leið og hægt er og máta við gæðaviðmiðin s.s. leikskólabrag.
- Gátlisti gæðaviðmiða um stjórnun.

- Fórum í gegnum það sem eftir var og nú eru nokkrir þættir eftir sem klárast sem fyrst.

26. apríl 2022
- Rifjuðum upp vinnu síðustu funda.
- Niðurstöður kannana.
- Starfsmannakönnun tilbúin og verður rædd í starfsmannahópnum og svo gert grein fyrir henni í skýrslu um innra mat.

17. maí 2022
- Farið yfir starfsmannakönnun og hún rædd.
- Unnum í skýrslu innra mats

25. maí 2022
- Vinna í skýrslu um innra mat.
- Gátlisti um leikskólabrag-hægt að máta hér inn úr starfsmannakönnun.
- Fórum í gegnum skýrsluna og teymið fyllir inn í eins og mögulegt er og markmiðið er að klára fyrir 17. júní.

14. júní 2022
- Unnum í skýrslu um innra mat.
- Stjórnendur langt komnir með hana, klára í næstu viku, leggja fyrir foreldraráð til kynningar í lok næstu viku og kynna svo fyrir öllu starfsfólki.
- Skýrslan er svo sett á heimasíðuna og send á fræðslufulltrúa og skólanefnd, fylgt eftir á fundi.
- Á fyrsta starfsmannafundi í ágúst er skýrslan dregin fram með áherslu á umbætur skólaársins sem og fer gæðaráðið yfir ársáætlun um mat vetrarins.

Stjórnun

Gæðaviðmið - Stjórnun.

Markmið leikskóla Fjallabyggðar er að búa börnum vel skipulagt uppeldisumhverfi sem mæti ólíkum þörfum einstaklinganna og fjölskylda þeirra. Leikskólinn starfar samkvæmt fræðslustefnu Fjallabyggðar, einkunnar orð hennar eru: Kraftur, sköpun, lífsgleði. Stjórnandi er faglegur leiðtogi í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs í samvinnu við starfsfólk og allt leikskólasamfélagið. Þannig sköpum við gott lærdómssamfélag. Markmið leikskólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir.

1. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Gæðaráð fór markvisst í gegnum og mat sig gagnvart gæðaviðmiðum stjórnunar og hér eru vinnugögn sem sýna matið.
2. Niðurstaða
    a) Í Starfsáætlun Leikskóla Fjallabyggðar koma fram áætlanir um starfsþróun, helstu áherslur leikskólans í faglegu starfi, lýsing á innra mati leikskólans, upplýsingar um starfsmannamál, barnahópinn og foreldrasamvinnu ásamt upplýsingum um samstarf leik- og grunnskóla.
        i) Nokkuð vel gekk að fylgja starfsáætlun veturinn 2021-2022. Þó féll skyndihjálparnámskeið niður vegna covid takmarkana og lítils háttar tilfærslur urðu í samstarfi leik- og grunnskóla af sömu sökum.
    b) Vel gekk að halda faglegu starfi í ætluðum farvegi. Covid og inflúensa herjuðu þó grimmt á leikskóla samfélagið í byrjun vorannar og það var áskorun að mæta því.
    c) Starfsþróunarsamtöl fóru flest fram í mars og byrjun apríl en nokkur drógust þó um nokkrar vikur vegna veikinda.
    d) Starfsmannamál.
        i) Mönnun fyrir skólaárið gekk þokkalega en eins og undanfarin ár gekk þó erfiðlega að fá fagmenntað fólk til starfa.
        ii) Einnig er nokkuð árvisst að við missum kennara yfir til grunnskólans og er það mikið áhyggjuefni. Það gengur erfiðlega að keppa við þann aðstöðumun sem ríkir milli leikskóla og grunnskóla.
        iii) Þetta skólaár settu langtímaveikindi og slys strik í reikninginn i starfsmannamálum og þurfti að ráða inn starfsmenn á miðju skólaári til að mæta þeim fjarvistum.
        iv) Tveir starfsmenn luku meistaraprófi í menntunarfræðum á skólaárinu en við sjáum nú á eftir þeim báðum úr starfi.
    e) Starfsmannakönnun: Á skólaárinu var lögð fyrir starfsmannakönnun Skólapúlsins. Um er að ræða viðamikla könnun og margir starfsmenn kvörtuðu yfir því að spurningar væru ekki nægilega skýrar. Þeim fannst erfitt að velja svör og að sumt ætti ekki endilega við.
        i) Niðurstöður könnunarinnar vöktu margar spurningar en gáfu þó skýrar vísbendingar um ákveðin atriði sem þarf að taka til nánari skoðunar og verður unnið nánar með.
        ii) Eru það helst atriði er varða vinnustaðinn, líðan og upplifun starfsmanna varðandi eineltismál.
        iii) Einnig þætti sem koma að gagnsæi, aðgengi upplýsinga og skýrari hlutverk.

Stjórnun

Einn þáttur af fimm ber skýr merki um gæðastarf í skólum og fjórir þættir teljast vera

Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun

ljósgrænir, þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og gott verklag sem má bæta.

Helstu umbætur næsta árs:

- Gera verklag til að auka sýnileika gilda og markmiða í leikskólanum
- Gerð verður fundaráætlun fyrir skólaárið með reglulegum fagfundum til að stuðla að aukinni faglegri samræðu.
- Gætt verði að endurgjöf til starfsmanna fyrir störf sín.
- Fá allt leikskólasamfélagið að borði við gerð starfsáætlunar.
- Uppfæra skólanámskrá
- Að taka upp snerpusamtöl við starfsmenn í stað hefðbundinna starfsmannasamtala.
- Styrkja og innleiða teymishugsun, samstarf, samnýtingu og að efla þau tækifæri sem felast í samvinnu.

- **RAUTT -** Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Uppeldis- og menntastarf

Gæðaviðmið - Uppeldis- og menntastarf.

Verður metið ítarlega á næsta skólaári 2022-2023.

Markmið skólans er að í Leikskóla Fjallabyggðar búi börn og starfsmenn við öryggi og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju virðingu og samkennd að leiðarljósi. Að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt

og krefjandi við hæfi hvers og eins og sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum. Að til sé virk áætlun um mat á námi og velferð barna í leikskólanum sem og áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá.

Uppeldis og menntastarf er metið á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum.

- Á þessu skólaári var farið ítarlega yfir áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá.
- Gefin var út öryggishandbók leikskólans, sem tekur á öllum þeim þáttum er varða öryggi, forvarnir og viðbrögð við vá.
- Slökkviliðsstjóri kom á skipulagsdag og var með fræðslu um eldvarnir, ryndi með okkur rýmingaráætlun og kenndi á slökkvibúnað leikskólans.
- Lagt var fyrir Hljóm2 á Núpaskál og eldri árgang Tröllahóls.
- Einnig voru þroskalýsingar barna gerðar á öllum deildum.
- Tras er fyllt út fyrir þau börn sem náð hafa 2 ára aldri. Tras fyrirlagnir hafa ekki náðst alveg samkvæmt áætlun þar sem við höfum ekki fengið námskeið í notkun þess fyrir nógu marga starfsmenn.
- Að öðru leyti gekk áætlunin eftir þó að COVID seinkaði aðeins fyrirlögnum.

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðstæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Helstu umbætur næsta árs

Á næsta skólaári 2022-2023 verður þátturinn Uppeldis- og menntastarf metinn ítarlega út frá gæðaviðmiðum leikskólans, umbótaáætlun gerð og unnið að henni með það að markmiði að í 90% tilvika sé verklag mjög gott og samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

- Börnunum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Að börnunum sé gefið færi á að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
- Að börn taki virkan þátt í mati á leikskólastarfinu
- Í sköpun verði áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina
- Unnið verði markvisst með uppeldi til sjálfbærni
- Taka á viðfangsefnum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og flétta inn í daglegt starf
- Tryggja að tekið sé á viðfangsefnum Heimsmarkmiðanna við skipulagningu skólastarfsins.

- **RAUTT -** Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Leikskólabragur

Gæðaviðmið - Leikskólabragur.
Markmið skólans er að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum

- Að stuðla að því að góð menning skjóti rótum í leikskólanum
- Að skapa forsendur fyrir góðum samskiptum innan leikskólans.
- Að skapa skilvirkar boðskiptaleiðir innan leikskólans.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um leikskólabrag voru fundargerðir, niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins 2021, starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars 2022 og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Gæðaráð hefur ekki farið yfir og metið sig ítarlega gagnvart gæðaviðmiðum um leikskólabrag en það er á áætlun skólaárið 2022-2023. Hins vegar eru til nýleg gögn sem styðja við hvar skólinn stendur gagnvart þeim og eru þau nýtt hér.

- Í foreldrakönnun sem gerð var 2021 kom í ljós að 94% foreldra telja að barnið þeirra sé ánægt í leikskólanum.
- 94% foreldra segja einnig að góð tengsl séu við starfsfólk leikskólans.
- Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kom í ljós að starfsfólk hafa trú á eigin getu við að stuðla að velferð og góðri líðan barnanna.
- Starfsfólk þekkir hlutverk sitt vel og samstarf á deildum gengur mjög vel.

Leikskólabragur
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

Helstu umbætur næsta árs

- Bæta skipulag funda og skipulagsdaga með skýrum markmiðum og samvinnu um skólastefnu og vinnulag
- Vinna að sameiginlegri sýn, markmiðum og leiðum til að fylgja henni
- Styrkja og efla upplifun um sanngirni og öryggi með skýrum skilaboðum og jafnræði
- Áhersla á opin heiðarleg og jákvæð samskipti, umræður og ígrundun um leikskólastarfið
- Vinna markvisst að styrkingu jákvæðrar vinnustaðamenningar.
- Halda betur utan um nýtt starfsfólk innan leikskólans. Kynna það fyrir starfsháttum leikskólans, gildum og markmiðum með markvissari hætti

Foreldrasamstarf

Gæðaviðmið - Foreldrasamstarf.
Markmið skólans með foreldrasamstarfi:

- Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- Afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- Rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Skapa umræðugrundvöll fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um foreldrasamstarf voru fundargerðir, niðurstöður síðustu foreldrakönnunar og niðurstöður foreldrasamtala.

Niðurstaða - Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fer í umbótaáætlun (neðst). Gæðaráð hefur ekki farið yfir og metið gæðaviðmið um foreldrasamstarf en áætlað er að það verði gert veturinn 2022-2023. Hins vegar eru til nýleg gögn sem nýtast við að staðsetja skólann gagnvart þeim að hluta til.

- Foreldrar hafa sýnt almenna ánægju með samskipti við starfsfólk leikskólans.
- Í foreldrakönnun 2021 voru 94% foreldra mjög eða frekar ánægð með samskipti við starfsfólk leikskólans.
- Foreldrasamvinna síðustu ára hefur litast mjög af covid, þar sem foreldrar höfðu takmarkaðan aðgang að skólanum, kynning á starfi leikskólans var rafræn og samkomur með þátttöku foreldra voru í lágmarki.
- Fastir liðir eins og mömmu og ömmukaffi, pabba-og afakaffi féllu niður.
- Aðlögun nýrra barna var með mjög breyttu sniði þar sem foreldrar máttu ekki ganga um og skoða húsnæði leikskólans og ekki voru haldnir fundir með nýjum foreldrum, heldur voru kynningar rafrænar.
- Foreldraráð hefur þó náð að koma saman nokkrum sinnum á skólaárinu og foreldrafélögin hafa hafið hefðbundið starf eftir covid hlé.

Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

Helstu umbætur næsta árs

- Veturinn 2022-2023 verður lögð fyrir foreldrakönnun
- Foreldrahandbók leikskólans verður endurskoðuð
- Markvisst verður unnið að því að bæta þjónustu við foreldra sem ekki tala íslensku með því að láta þýða upplýsingar á fleiri tungumál og kalla til túlk þegar á þarf að halda.

Innra mat

Gæðaviðmið - Innra mat.

Markmið skólans - Að innra mat sé vel skipulagt, markmiðsbundið, umbótamiðað og allir séu þátttakendur. Það er metnaðarmál okkar að allir þættir innra mats taki mið af skýrum gæðaviðmiðum gildandi menntastefnu hverju sinni sem og fræðslustefnu sveitarfélagsins. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu starfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um innra mat voru gæðaviðmið um innra mat. Hér eru vinnugögn matsteymis.

Niðurstaða - Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fer í umbótaáætlun (neðst). Allir þrír þættir teljast vera dökkgrænir þar sem flestir eða allir þættir eru sterkir.

- Markmiðið skólaárið 2021-2022 var að meta innra starf skólans og var það gæðaráð skólans sem stóð að matinu.
- Markmiðið var að ljúka við mat og gera umbótaáætlun með það að markmiði að skipuleggja innra mat þannig að allir þættir þess verði dökk grænir og skýr merki séu um gæðastarf hvað varðar innra mat í skólanum vorið 2022.
- Gæðaráð fundaði reglulega í vetur, fór yfir gæðaviðmið um stjórnun, vann að umbótum sem settar voru fyrir skólaárið og vann að nýju formi innramatsskýrslu og nýrri umbótaáætlun samhliða fyrir veturinn 2021-2022.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Helstu umbætur næsta árs

- Festa vinnubrögð í innra mati í sessi.
- Uppfæra og vinna markvisst eftir langtíma- og ársáætlun sem er hér.
- Huga að skipan matsteymis, fjöldi, starfsstöð og slíkt.
- Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs.

Heildarniðurstaða skólans gagnvart gæðaviðmiðum í júní 2022

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan sumarið 2022 er að 52% matsþátta (11/21) eru flestir eða allir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2023-2024 er stefnt á að a.m.k. 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir.

Umbótaáætlun skólaársins 2022 -2023

*Módel byggt á módeli Reykjavíkurborgar

Stjórnun

Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	5.13 Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til.	Kemur fram í Öryggishandbókar. Farið yfir með öllum starfsmönnum á haustin.	Skólastjórnenda og áfallateymis	ágúst 2022	ágúst 2022	Metið á starfsmannafundi 10. okt.	Að Öryggishandbók sé virk og allar áætlanir sem koma þar að.
2	5.14 Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir.	Öryggishandbókar.	Öryggistrúnaðrmanna og Öryggisvarða	ágúst 2022	ágúst 2022	Metið á starfsmannafundi 10. okt	Að allir kaflar í bókinni séu uppfærðir
3	5.7 starfsáætlun er unninn árlega með þátttöku aðila	Þarf að huga betur að því að fá leikskólasamfélagið að borði. Drög að	Stjórnenda	ágúst 2022	ágúst 2022	Mat á starfsáætlun vorið 2023	Að leikskólasamfélagið verði meðvitaðar um áherslurnar í starfi.

	leikskóla samfélagsins.	starfsáætlun kynnt á deildastjórafundi og á fundi foreldraráðs.					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	1.2. Einkunnarorð/gildi leikskólans eru sýnileg í leikskólanum og starfi hans.	Eru sýnileg á tölvupóstum en ekki nógu skýr í umhverfinu Þarf að laga	Stjórnendur og Deildarstjórar	ágúst 2022	ágúst 2022	Að starfsmenn séu meðvitaðir um gildi og einkunnarorð skólans.	Að einkunnarorð skólans verða sýnileg á hverri deild sem og í tölvupósti sem sendur er frá skólanum.
2	1.10 Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni (t.d. með umræðu á fundum og innra mati) og metur framfarir.	Þarf að bæta og vinna markvisst með næsta vetur	Taka fyrir á deildastjórafundum. Í sept, nóv, jan, mars, maí. Ásamt því að fara yfir á starfsmannafundum.	Sept. 2022	Alltaf í gangi.	Endurmeta að vori á deildastjórafundi.	Að stjórnendateymið verið í fararbroddi í umræðu um stefnu skólans og hún verði lifandi.
3	1.16 Starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið	Mætti vera miklu meira	Stjórnenda-teymi.	Núna	Alltaf	Í starfsmannaviðtölum, og með	Að 85 % starfsmanna finni fyrir því að framlag þess sé metið.

						starfsmanna könnun.	
4	Bæta starfsþróunarsamtöl og gera þau markvissari	Innleiða snerpusamtöl við starfsmenn, fjórum sinnum á ári í stað hefðbundinna starfsmannasamtala	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Ágúst 2022		Lagt mat á skipulagið í mati á starfsáætlun í júní 2023	Allir starfsmenn fari í nokkur stutt og hnitmiðuð samtöl á skólaárinu
5	Styrkja og innleiða teymishugsun, samstarf, samnýtingu og að efla þau tækifæri sem felast í samvinnu.	Námskeið og handleiðsla um teymisvinnu	Skólastjórnendur	Ágúst 2022		Á deildar- og starfsmannafundum, með gátlistum og umræðum	Að virk teymisvinna sé viðhöfð i skólanum og að allir séu hluti af teymi
Stjórnun og daglegur rekstur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	2.8 Móttökuáætlun nýrra starfsmanna liggur fyrir.	Til verklagsblöð en þarf að gera fyrir næsta vetur	Stjórnendur	Er hafið	Sept. 2022	Áætlun tilbúinn og hún sett í notkunn	Að nýjir starfsmenn lýsi ánægðu með mótökurnar í fyrsta snerpusamtali
Faglegt samstarf	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

1	3.7 Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu (s.s. um aðlögun barna, gagnkvæma upplýsingagjöf og heimsóknir).	Í skólanámskrá er kafli um þessi samskipti. Mætti gera skýrari samstarfsáætlun með markmiðum.	Stjórnendur	Ágúst 2022	Okt. 2022	Yfirfarið einu sinni á ári. Að námskrá sé lifandi plagg	Að skil milli skólastiga verði börnunum auðveld.
2	3.12 Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning við starfsfólk.	Ekki í daglegu skipulagi. Höfum aðgang að skólasálfræðingi. Fá aukna kennsluráðgjöf.	Skólastjórnendur, Fagmenntað starfsfólk leikskólans. Ásgarður	Skólaárið 2022	Er alltaf í gagni	Að ráðgjöf við hæfi sé í boði þegar á þarf að halda. T.d. ráðgjafar og greiningastöð/ sérfræðingar sem skólaskrifstofan gerir samning við séu aðgengilegir fyrir starfsmenn.	Að starfsmenn finni fyrir því að þeir geta leitað til leikskólakennara sem og annara sérfræðinga sem tengjast leikskólanum.
Leikskólaþróun og símenntun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						

Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og náms-aðstæður	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Taka á viðfangsefnum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og flétta inn í daglegt starf	Setja inn í skólanámskrá og flétta verkefni inn í daglegt starf	Deildarstjóra r Starfsmenn Matsteymi	Vetur 2022	Vor 2023	Á deildarfundum	Að starfsmenn verði meðvitaðir um hvað stendur í barnasáttmálanum og hvernig má flétta hann inn í starfið
2	Tryggja að tekið sé á viðfangsefnum Heimsmarkmiðann a við skipulagningu skólastarfsins.	Gera starfsmenn meðvitaða um heimsmarkmiðinn og hvenig við getum tengt inn í starfið	Stjórnendur, deildastjórar	Vetur 2022	Alltaf í gangi	Á deildarfundum	Að starfmenn verði meðvitaðir um hvað heimsmarkmiðinn standa fyrir.
Uppeldi, menntun og starfshættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Börnunum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á leikskólastarfið	Með umræðum á barnafundum, Að hlustað sé á börnin og þeirra sjónarmið virt. Að börn hafi um það að segja hvað mikið er sett á matardiskinn hjá þeim.	Deildarstjóra r og leikskóla-stjórnendur	Ágúst 2022	Alltaf í gangi	Deildatjórafundu. Ásamt könnun með börnunum gerða með með broskörlum.	Að það sé sýnilegt að börnin hafi áhrif og að börnin nái að koma og vinna með áhugasvið sín og þau hvött til að ræða og miðla af reynslu sinni. Að börnin geti hjálpað sér að mestu
2	Að börn taki virkan þátt í mati á leikskólastarfinu	í umræðum með börnunum um val á svæðum og leikefni.	Deildar-stjórar og starfsmenn deilda	Vetur 2022	Vor 2023	Á deildarfundum sem og matsteymið	Að börn séu virk í öllu starfi skólans og hlustað sé á þau og lýðræði haft að leiðarljósi
3	Að börnunum sé gefið færi á að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda	Að börn sé gefið tækifæri á að velja sér viðfangsefni eftir áhuga og að hugmyndir barna séu gripnar	Deildastjórar og starfsmenn deilda	Haust 2022	Alltaf í gangi	Á deildafundi tvisvar yfir árið og matsteymið	Að börn séu virk í öllu starfi skólans og hlustað sé á þau og lýðræði haft að leiðarljósi

Námssvið leikskólans	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Í sköpun verði áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina	Umræða við starfsmenn um mikilvægi þess að listsköpun barnanna fái að njóta sín	Stjórnendur, Deildar-stjórar	Vetur 2022	Alltaf í gangi	Metið hvernig til hefur tekist á deildarfundi að vori	Að sköpun barna verði sýnileg í skólanum
2	Unnið verði markvisst með uppeldi til sjálfbærni	Gera útikennslu hátt undir höfði með það fyrir augum að börnin fái að kynnast náttúrulegu og manngerðu umhverfi og læri hvernig umgengni þeirra og vistspor getur stuðlað að sjálfbærri þróun Setja námskeið fyrir starfsmenn um útinám.	Stjórnendur, Deildar-stjórar	Haust 2022		Metið hvernig til hefur tekist á deildarfundi að vori	Að starfsmenn verði öruggir í að sinna skipulögðu útinámi.

Leikskóli án aðgreiningar	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						
Mat á námi og velferð barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						

Leikskólabragur

Viðmót og menning	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Styrkja og efla upplifun um sanngirni með skýrum skilaboðum og jafnræði	Starfsmanna-sáttmáli og starfsmannastefna leikskólans	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022		Í árlegri starfsmannakönnun	Að 95% starfsmanna upplifi að sanngirni sé gætt í leikskólanum

Velferð og líðan barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						
Hlutverk leikskóla-kennara	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						
Fagmennska starfsfólks	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Efla samstarf og tengingar milli deilda	Fagteymi verði skipuð þvert á deildir	Skóla-stjórnendur og allir starfsmenn			Spurt um í starfsmannakönnun og snerpusamtölum	Að samstarf sé skipulagt og skilvirkt með skýrum áætlunum
2	Bæta skipulag funda og skipulagsdaga með skýrum markmiðum og samvinnu um	Fundaáætlun með dagsetningum og viðfangsefni birtist í starfsáætlun leikskólans	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022		Mat á starfsáætlun í maí 2023	Að nægur skipulagður tími sé til samráðs og faglegrar samvinnu

	skólastefnu og vinnulag						
3	Vinna að sameiginlegri sýn, markmiðum og leiðum til að fylgja henni	Skýrari vinna með gæðaviðmið skólastefnu á deildar- og starfsmanna-fundum	Skólastjóri og gæðaráð	Ágúst 2022		Starfsmannakönnun og snerpusamtöl	Að allir þekki skólastefnuna og þau markmið og aðferðir sem skólinn vinnur eftir Að a.m.k. 90% gæðaviðmiða séu uppfyllt hverju sinni. Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf
Starfsánægja	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Áhersla á opin heiðarleg og jákvæð samskipti, umræður og ígrundun um leikskólastarfið	Faglegar umræður á skipulögðum fundum Handleiðsla	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022		Í Starfsmannakönnun og snerpusamtölum	Að samskipti séu jákvæð og uppbyggileg

2	Vinna markvisst að styrkingu jákvæðrar vinnustaðamenningar.	Námskeið/ fræðsla um vinnustaða-menningu	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022		Í Starfsmannakönnun og snerpusamtölum	Að samskipti séu jákvæð og uppbyggileg
3	Halda betur utan um nýtt starfsfólk innan leikskólans. Kynna það fyrir starfsháttum leikskólans, gildum og markmiðum með markvissari hætti	Innleiðing móttöku-áætlunar fyrir nýja starfsmenn	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022		Í starfsmannakönnun og snerpusamtölum	Að starfsmenn finni sig velkomna og að þeir fái nauðsynlegan stuðning

Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

upplýsinga-miðlun							
1	Að sinna betur upplýsingagjöf til foreldra með annað móðurmál en íslensku	Að nýta túlkaþjónustu þegar við á	Skóla-stjórnendur og deildar-stjórar	ágúst 2022		Metið í foreldrakönnun	Að allir hafi sem jöfnust tækifæri til að skilja og vera virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.
2	Að vinna að umbótum á heima-síðu leikskólans svo þar megi finna hagnýtar upplýsingar á fleiri en einu tungumáli	Setja inn efni á síðuna. Setja reglulega inn fréttir af starfinu	Skólastjórn-endur og deildar-stjórar	ágúst 2022		Metið í foreldrakönnun	Að 90% foreldra séu ánægð með heimasíðuna og þær upplýsingar sem þar má finna
Viðhorf foreldra	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur áætlaðar hér.						

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Ársáætlun og langtímaáætlun	Festa í sessi. Uppfæra og ígrunda árs- og langtímamat	Gæðaráð	ágúst 2022		Endurmetið í gæðaráði í ágúst 2023	Skýrar áætlanir sem lýsa hvernig mati á skólastarfinu er háttað með viðmiðum um gæði.
2	Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.	Að virkja allt starfsfólk í ákvarðanatöku og faglegri umræðu á deildar- og starfsmanna-fundum	Skólastjóri og gæðaráð	ágúst 2022		Við mat á starfsáætlun vorið 2023	Að allir hafi aðkomu að innramats umræðum og forgangsröðun. Að texti um gæðaráð sé aðgengilegur á heimasíðu.
3	Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.	Þáttaka í gæðaráðinu. Samtal í gegnum foreldraáð.	Skólastjóri og gæðaráð	ágúst 2022		Við mat á starfsáætlun vorið 2023	Tryggja enn frekar samvinnu allra að auknum gæðum leikskólastarfsins
Gagnasöfnun og vinnubrögð	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

1	Matstæki yfirfarin	Fara yfir matstæki sem skólinn notar í dag	Gæðaráð	ágúst 2022		Metið í samantekt í innra matsskýrslu vorið 2023	Að matstæki henti viðfangsefninu hverju sinni og kalli fram styrkleika og tækifæri til umbóta
	Úrvinnsla gagnasöfnunar	Vinna úr niðurstöðum kannana og innra mats.	Skólastjóri og gæðaráð	ágúst 2022	Júní 2023	Gögnum safnað og unnið úr þeim. Umbætur kynntar í kjölfarið	Umbætur kynntar og hafist handa að virkja þær.
Opinber birting og umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nýta umbótaáætlun markvisst Skýrsla hvers árs sé aðgengileg	Að umbótaáætlun sé rædd á kennararfundum og verkefnin skipulögð út frá henni m.a. Skýrsla sett á heimasíðu	Skólastjóri	ágúst 2022	Des. 2023	Lok skólaárs í skýrslu um innra mat	Að umbætur séu markvissar og þeim ljúki Að gögn um mat á skólastarfi séu aðgengileg skólasamfélaginu
2	Halda opinn fund og kynna niðurstöður Innra mats skýrslu frá síðasta skólaári	Kynna innra mat skólans (skipulag, framkvæmd og umbætur) í skólasamfélaginu.	Skólastjóri og gæðaráð			Mat á starfsáætlun: - fundargerðir skólaráðs. Foreldrakönnun Nemendakönnun Starfsmannakönnun	Skólastarf í sífelldri þróun samkv. Viðmiðum gæðastarfs 80-90% svarenda þekki til innra mats skólans og leiða

						Rýnihópar - skólaþing	til að koma sjónarmiðum á framfæri Að innra mat sé tekið til umfjöllunar á opnum fundi

júní 2022